

Sjálfstæðishúsið

Thorvaldsensstræti 2


Árið 1945 var byggður samkomusalur vestan við húsið Thorvaldsensstræti 2 við Austurvöll. Húsið var þá í eigu Sjálfstæðisflokksins sem hafði þar skrifstofur sínar. Í salnum var dansgólf og leiksvið og hélt flokkurinn þar samkomur og fundi. Jafnframt var salurinn nýttur undir veitingarekstur, dansleiki og ýmiss konar skemmtanahald.

Á árunum í kringum 1950 starfaði fyrirtæki að nafni Bláa stjarnan í húsinu. Helstu burðarásar þess voru gamanleikararnir Haraldur Á. Sigurðsson og Alfred Andrésón ásamt leikstjóranum Indriða Waage. Þeir félagar stóðu að endurreisn revíusýninga í Reykjavík skömmu fyrir 1940 og urðu næstu ár mikið blómaskeið slíkrar leiklistar í bænum. Revíurnar fóru fram í Iðnó á vegum Fjalakattarins, sem var stofnaður árið 1943. Bláa stjarnan hélt hins vegar uppi kabarettýningum sem urðu afar vinsælar, enda Haraldur og Alfred án efa dádustu skopleikarar þjóðarinnar á þessum árum.

Þó að Bláa stjarnan lognaðist út af árið 1952 héldu leiksýningar áfram í Sjálfstæðishúsinu. Um tíma starfaði þar sérstakt leikhús á vegum Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna. Húsið var eftirsótt af skólum og nemendafélögum og árið 1959 fluttu M.R.-ingar þar *Kennslustundina* eftir Eugene Ionesco sem mun hafa verið fyrsta verk þessa meistara absurd-leikhússins sem sýnt var hér á landi.



Alfred Andrésón og Haraldur Á. Sigurðsson í hlutverkum sínum í *Vorið er komið* í Bláu stjórninni 1949.



Indriði Waage leikstjóri *Vorið er komið* heldur á dóttur sinni Kristínu og Haraldur Á. Sigurðsson heldur á Hákonni syni Indriða.

